

Félagspjónusta Norðurljóða

Ársskýrsla 2008



*„Aukin velferð með samráði,
þátttöku og ábyrgð“*

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Starfsemin árið 2008	4
Skipurit Norðurlægis og Félagsþjónustu Norðurlægis	4
Starfsfólk í lok árs 2008	5
Nefndir	6
Veitt þjónusta	6
Mannabreytingar og mannauðsstjórnun	6
Aðkeypt sérfræðivinna	6
Almenn félagsþjónusta.....	8
Verkefni ársins	8
Fjárhagsaðstoð.....	8
Félagsleg heimaþjónusta	9
Félagsleg ráðgjöf.....	10
Ráðgjafarviðtöl.....	10
Félagslegt leiguhúsnæði	10
<i>Barnavernd</i>	11
Verkefni ársins	11
Barnaverndartilkynningar.....	11
Skólaþjónusta	14
Skólar á starfssvæðinu.....	14
Greiningar og ráðgjafarviðtöl.....	16
Fræðsla	16
Málefni fatlaðra.....	18
Verkefni ársins	18
Þjónusta	18
Starfseiningar	19
Rekstur stofnana og þjónusta	19
Pálsgarður.....	19
Þjálfunarheimilið Sólbrekku 28	19
Miðjan hæfing/iðja	20
Félagsleg liðveisla	20
Frekari liðveisla.....	20
Stuðningsfjölskyldur	20
Skammtí mavistun.....	21
Atvinna með stuðningi	21
Ferlimál	21
Geðræktarmiðstöðin Setrið	21
Samantekt	22
Lokaorð	23


Inngangur

Ársskýrsla Félagsþjónustu Norðurþings fyrir árið 2008 hefur að geyma yfirlit um helstu þætti í starfsemi og rekstri stofnunarinnar og upplýsingar um framgang helstu verkefna. Meginhlutverk Félagsþjónustu Norðurþings er að sinna lögbundnum velferðarverkefnum sveitarfélaga á sviði félagsþjónustu, skólaþjónustu og jafnframt í málefnum fólks með fötlun.

Félagsþjónusta Norðurþings hét áður Félags- og skólaþjónusta Þingeyinga og hafði sú þjónusta verið rekin af Héraðsnefnd Þingeyinga út árið 2006. Öll sveitarfélög í suður- og norður Þingeyjarsýslum komu að skipulagningu þjónustunnar hjá Héraðsnefnd Þingeyinga og stóðu straum af kostnaði við rekstur málaflokksins og þeirra þjónustuúrræða sem tengjast þjónustunni.

Í árslok 2006 ákváðu sveitarstjórnir á starfssvæðinu að breyta skipulagi og starfssemi Héraðsnefndar Þingeyinga. Í tengslum við þetta var ákveðið að Norðurþing tæki alfarið við rekstri Félags- og skólaþjónustu Þingeyinga frá 1. janúar 2007 undir nafninu Fjölskylduþjónusta Þingeyinga en nafninu var síðar breytt á árinu 2008 í Félagsþjónusta Norðurþings. Önnur sveitarfélög eru þó aðilar að þjónustunni áfram, taka þátt í skipulagningu hennar og greiða framlag til rekstursins í samræmi við hlutfall íbúa og samþykktu fjárhagsáætlun hverju sinni og þau úrræði sem gripið er til í tengslum við vinnslu mála í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Ársskýrslan er unnin af starfsmönnum Félagsþjónustu Norðurþings og sá Félagsþjónusta Norðurþings um útgáfu ársskýrslunnar.



Starfsfólk í lok árs 2008

Eftirtaldir sérfræðingar störfuðu hjá Félagsþjónustu Norðurlands og sem forstöðumenn þjónustustofnana í árslok 2008:

- Aðabjörg Árnadóttir þroskaþjálfari, forstöðumaður þjálfunarheimilisins í Sólbrekku 28 (fæðingarorlof)
- Aníta Stefánsdóttir iðjuþjálfari, forstöðumaður Miðjunnar, iðju fyrir fatlaða
- Arnfríður Kjartansdóttir, sálfræðingur (cand psyc)
- Ágúst Sigurður Óskarsson, ráðgjafi í félagsþjónustu
- Dögg Stefánsdóttir, B.A. sálfræði, forstöðumaður þjálfunarheimilisins í Sólbrekku 28 (afleysing)
- Erla Alfreðsdóttir, iðjuþjálfari, forstöðumaður Setursins
- Fanney Hreinsdóttir, deildarstjóri félagslegrar heimaþjónustu
- Freydis Jóna Freysteinsdóttir félagsráðgjafi (MSW, PhD), félagsmálastjóri
- Ingibjörg Sigurjónsdóttir sálfræðingur (MA) og námsráðgjafi
- Kristín Magnúsdóttir, deildarstjóri frekari liðveislu
- Sigríður Fanney Guðjónsdóttir, deildarstjóri í málefnum fatlaðra
- Sigurhanna Salómonsdóttir, forstöðumaður sambýlisins á Pálsgarði
- Sigurður Aðalgeirsson, kennsluráðgjafi
- Þorgrímur Sigmundsson félagsliði, ráðgjafi í málefnum fatlaðra og deildarstjóri í sambýlinu Sólbrekku
- Þórhildur Sigurðardóttir, sérkennsluráðgjafi

Nefndir

Félags- og barnaverndarnefnd Þingeyinga fer með öll einstaklingsmál á sviði félagsþjónustu. Nefndin fundaði eftir þörfum. Eftirtaldir skipuðu nefndina í árslok 2008: Rannveig Benediktsdóttir, Bryndís Alda Jónsdóttir, Steinn Karlsson, Sveinn Egilsson og Dagbjört Bjarnadóttir. Varamenn voru Jón Þórir Jónsson, Birna Björnsdóttir og Guðrún Bjarnadóttir. Félags- og barnaverndarnefnd Norðurþings fer með stefnumótun í málaflokknum. Í þeirri nefnd sátu Erna Björnsdóttir formaður, Anna Krístrún Sigmarsdóttir, rúnar Þórarinnsson, Dóra Fjóra Guðmundsdóttir og Stefán Rögnvalsson. Varamenn voru Kristjana M. Kristjánsdóttir, Sigurgeir Stefánsson, Olga Gísladóttir, Þóra Björg Sigurðardóttir og Kolbrún Gunnarsdóttir. Nefndin fundaði eftir þörfum.

Veitt þjónusta

Íbúar sveitarfélaga í suður og norður Þingeyjarsýslu hafa aðgang að þjónustu hjá Félagsþjónustu Norðurþings. Eftirfarandi tafla sýnir fjölda íbúa samkvæmt þjóðskrá 1. janúar 2008 og skiptingu sameiginlegs kostnaðar þeirra eftir íbúafjölda hver sveitarfélags.

Sveitafélag	Íbúar 2008	Skipting %
Aðaldælahreppur	257	5,1%
Norðurþing	3.011	59,5%
Skútustaðahreppur	407	8,0%
Svalbarðshreppur	106	2,1%
Tjörnesshreppur	60	1,2%
Þingeyjarsveit	700	13,8%
Langanesbyggð	520	10,3%
Samtals	5.061	100%

Mannabreytingar og mannauðsstjórnun

Áhersla var lögð á mannauðspróun meðal starfsmanna Félagsþjónustu Norðurþings á árinu 2008. Mannauðspróun felst fyrst og fremst í því að laða að og halda í hæft starfsfólk og þjálfa það til starfa ásamt því að vinna að jákvæðum starfsanda og liðshæðun. Áhersla var lögð á starfsánægju og leiðir til að efla fólk persónulega og faglega – sem jafnframt stuðlar að vellíðan starfsfólks, sem er líklegt til að halda starfsmannaveltu og fjarveru úr starfi vegna veikinda í lágmarki. Þá var unnið að því að halda streitu og álagi tengdu starfi í lágmarki en rannsóknir hafa sýnt að störf í félagsþjónustu skora með því hæsta varðandi álag í starfi. Starfsdagar voru haldnir á árinu á Narfastöðum, þar sem litið var um öxl og horft til framtíðar er varðar stefnumótun stofnunarinnar.

Aðkeypt sérfræðivinna

Félagsþjónusta Norðurþings leggur mikla áherslu á möguleika á þverfaglegu samstarfi og að nýta sérhæfðustu leiðirnar til úrvinnslu allra mála og lausna. Auk fastlaunaðra starfsmanna Félagsþjónustu Norðurþings sinnti Sonja Magnúsdóttir talmeinafræðingur beiðnum um þjónustu talmeinafræðings á þjónustusvæðinu. Fyrri hluta ársins sinnti Ásgrímur Grétar Jörundsson áfengisráðgjafi frá SÁÁ ráðgjöf vegna áfengis- og

vímuefnavanda, en um miðvik árs tók Anna Hildur Guðmundsdóttir áfengisráðgjafi við og var mánaðarlega með viðtöl á þjónustusvæðinu. Geirlaug Björnsdóttir þroskaþjálfari frá Starfsendurhæfingu Norðurlands var vikulega með þjónustu fyrir fólk sem þurfti á starfsendurhæfingu að halda.

Almenn félagsþjónusta

Starfsemi félagsþjónustu sveitarfélaga markast af skyldum þeirra samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og öðrum lögum sem tengjast velferðarþjónustu við fjölskyldur. Starfssemi Félagsþjónustu Norðurþings ákvarðast jafnframt af ákvörðunum félagsmála- og barnaverndarnefndar Norðurþings, sveitarstjórnar Norðurþings og sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaga.

Starfsemi félagsþjónustunnar er fjölbreytt og í starfi hennar koma gjarnan upp ný viðfangsefni sem tengjast atferli íbúa og aðstæðum í samfélaginu í Þingeyjarsýslu. Starfsmenn félagsþjónustunnar eru í virku samstarfi við fagaðila hjá öðrum stofnunum, s.s. heilbrigðisþjónustu og lögreglu.


Verkefni ársins

Helstu verkefni félagsþjónustunnar voru:

- Félagsleg ráðgjöf
- Forvarnir
- Barnavernd
- Félagsleg heimaþjónusta
- Heimsending matar
- Fjárhagsaðstoð og fjármálaráðgjöf
- Félagslegt leiguhúsnæði
- Greiningar og viðtöl hjá sálfræðingum
- Þjónusta við fatlaða einstaklinga

Fjárhagsaðstoð

Á árinu 2008 nutu 19 einstaklingar og fjölskyldur á starfssvæðinu fjárhagsaðstoðar samtals kr. 709.411. Fjárhagsaðstoð er afgreidd í samræmi við nýjar reglur sem Norðurþing samþykkti í febrúar 2008. Þessar reglur voru sendar öðrum sveitarfélögum til umræðu og staðfestingar. Fjárhagsaðstoðin lækkar frá fyrri árum, en árið 2007 var hún kr. 904.004, á árinu 2006 kr. 1.541.913 og kr. 5.091.114 á árinu 2005. Á myndinni hér á eftir má sjá hvernig fjárhagsaðstoð hefur þróast undanfarin ár.



Samkvæmt þessu má sjá að fjárhagsaðstoð er nokkuð sveiflukennd milli ára og hafa þar nokkrir þættir áhrif, s.s. atvinnuástand, endurhæfingarúrræði og ráðgjöf starfsmanna stofnunarinnar. Unnið var markvisst að endurskoðun vinnubragða á árinu 2006 sem fólst í að auka ráðgjöf við viðskiptavinum, með það að markmiði að þeir næðu betri og varanlegri árangri, sem leitt gæti til lægri fjárhagsaðstoðar til lengri tíma lítið. Ágúst Óskarsson ráðgjafi sinnti fjárhagsaðstoð og fjármálaráðgjöf.

Félagsleg heimaþjónusta

Félagsþjónusta Norðurþings annaðist þjónustu við sveitarfélög á sviði félagslegrar heimaþjónustu á árinu. Markmið hennar er að auka lífsgæði íbúanna og veita þeim möguleika til að dvelja lengur inni á eigin heimilum. Á öllu svæðinu hefur stofnunin séð um að taka við beiðnum um félagslega heimaþjónustu og metið þjónustubörf. Á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn annaðist stofnunin einnig starfsmannahald og aðra umsjón með heimaþjónustunni, auk þess að sjá um móttöku og afgreiðslu beiðna um heimsendan mat.

Á árinu 2008 nutu 68 heimili félagslegrar heimaþjónustu á Húsavík, á móti 59 árið á undan. Alls nutu 88 heimili félagslegrar heimaþjónustu hjá sveitarfélaginu Norðurþingi. Þjónustutímar inni á heimilum í Norðurþingi voru 6.202 á árinu 2008. Um 80% af þjónustunni var veitt til íbúa á heimilum sem voru 67 ára eða eldri. Aðrir þjónustuþegar voru íbúar sem þarfnast aðstoðar við að annast heimili sín vegna veikinda eða fötlunar. Á árinu 2008 fengu 14 fjölskyldur heimsendan mat á Húsavík. Sú þjónusta var veitt í samvinnu við Heilbrigðisstofnun Þingeyinga. Í Aðaldælahreppi voru 3 heimili með heimsendan mat á árinu 2008.

Flestir þjónustuþegar eru eldri borgarar. Í sveitarfélagunum á þjónustusvæði Félagsþjónustu Norðurþings var umfang heimaþjónustu eftirfarandi:

	<u>heimili</u>	<u>ársstundir</u>	<u>vikust. á heimili</u>
Húsavík	88	4.128	0,90
Aðaldælahreppur	8	1.062	2,55
Skútustaðahreppur	13	1.333	1,97
Tjörneshreppur	5	1.040	4,00
Þingeyjarsveit	24	2.604	2,08
Öxarfjarðahreppur	15	1.776	2,27
Raufarhafnarhreppur	5	684	2,63
Svalbarðshreppur	2	572	5,5
Langanesbyggð	11	860	2,11

Fanney Hreinsdóttir er deildarstjóri félagslegrar heimaþjónustu. Verkefni deildarstjóra félagslegrar heimaþjónustu er að skipuleggja félagslega heimaþjónustu, meta umsóknir og að sjá til þess að gæði þjónustunnar séu sem best. Jafnframt að taka upp markvissa starfsþróun með starfsmönnum stofnunarinnar sem sinna þjónustu inni á heimilum. Þetta gerði deildarstjórinn m.a. með vitjunum til þjónustuþega, með starfsmannafundum og öðrum stuðningi við starfsmenn heimaþjónustu.

Félagsleg ráðgjöf

Félagsleg ráðgjöf var veitt 123 einstaklingum og fjölskyldum á árinu 2008 á þjónustusvæði Félagsþjónustu Norðurþings. Markmið félagslegrar ráðgjafar er að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál annars vegar og að veita stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda hins vegar. Félagsleg ráðgjöf tekur m.a. til ráðgjafar á sviði fjármála, húsnæðismála og fjölskyldu- og uppeldismála. Markmiðið með félagslegri ráðgjöf er að hver einstaklingur geti notið sín sem best í samfélaginu og að hjálpa fólki til sjálfshjálpar.

Ráðgjafarviðtöl

Á árinu 2008 voru afgreiddar 40 þjónustubeiðnir um viðtöl (einstaklingar, pör, fjölskyldur) hjá sálfræðingi í tengslum við félagsþjónustu (viðmiðunarreglur eru þær að samþykkt eru að hámarki 5 viðtöl við hverja þjónustubeiðni). Fimm þjónustubeiðnir bárust um viðtöl hjá félagsliða og þrjár beiðnir bárust um viðtöl hjá iðjuþjálfara.

Félagslegt leiguhúsnæði

Á árinu 2008 bárust 11 umsóknir um félagslegt leiguhúsnæði hjá Félagsþjónustu Norðurþings. Á árinu var úthlutað 8 íbúðum hjá Félagsþjónustu Norðurþings.

Barnavernd

Starfsemi tengd barnavernd hjá Félagsþjónustu Norðurþings markast að af skyldum sveitarfélaga samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 og öðrum lögum sem tengjast málefnum barna, s.s. barnalögum nr. nr. 76/2003, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 10/1992, lögum um ættleiðingar nr. 130/1999 og ákvörðunum Félagsmála- og barnaverndarnefndar Norðurþings, sveitarstjórna Norðurþings og aðildarsveitarfélaga.

Félagsmála- og barnaverndarnefnd Þingeyinga tekur fyrir öll einstaklingsmál í málaflokknum en Félags- og barnaverndarnefnd Norðurþings annast stefnumótun í málaflokknum.

Barnaverndarstarfsmenn eru Ágúst Óskarsson og Díanna Jónsdóttir eru með umsjón og eftirlit í umboði nefndarinnar. Auk þess sem Freydís Jóna Freysteinsdóttir félagsmálastjóri er með faglega umsjón með málaflokknum. Auk þess koma aðrir sérfræðingar á stofnuninni í sumum tilfellum að slíkum málum, t.d. ef gert er ráð fyrir viðtöl hjá sálfræðingi í áætlunum í barnaverndarmálum.

Barnaverndarstarf er í senn einn af þeim þjónustuþáttum Félagsþjónustu Norðurþings sem nýtur hvað mest samvinnu við önnur þjónustusvið stofnunarinnar og um leið sú þjónusta sem er skylt að starfa sjálfstætt með vel afmörkuð verkefni.

Verkefni ársins


Helstu verkefni á sviði barnaverndar voru:

- Að taka við barnaverndartilkynningum
- Að taka ákvarðanir um hvort kanna bæri mál eftir að tilkynningar bárust
- Að vinna kannanir mála og greinargerð um niðurstöður
- Að vinna áætlanir í málum ef ástæða var til frekari afskipta að könnun lokinni með það að markmiði að bæta aðstæður barna
- Að sjá um að tiltæk séu úrræði fyrir skjólstæðinga, s.s. neyðarheimili, persónulegir ráðgjafar, stuðningsfjölskyldur, tilsjónaraðilar, fósturheimili og viðeigandi meðferð
- Forvarnis, þ.e. að fylgjast með aðstæðum barna á starfssvæðinu og grípa til viðeigandi ráðstafana ef þeim var áfátt
- Samstarf við skóla, lögreglu, heilsugæslu, Barnahús, Barnaverndarstofu og aðra aðila sem koma að málefnum barna á starfssvæðinu
- Að gera úttektir á aðstæðum og viðhorfum þeirra sem sækja um að ættleiða börn
- Að sjá um úttektir og eftirlit með sumardvalarstöðum og sumarþúðum fyrir börn
- Að vinna umsagnir um umgengismál frá Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu


Barnaverndartilkynningar

Á árinu 2008 bárust Félagsþjónustu Norðurþings 87 barnaverndartilkynningar vegna 83 barna. Um er að ræða fækkun frá fyrra ári, en þá bárust 110 barnaverndartilkynningar vegna 100 barna. Á árinu var einnig áfram unnið að málefnum fjölda barna sem tilkynning barst um á árinu 2007 og fyrr. Tilkynningarnar á árinu 2008 bárust flestar frá lögreglu (47), leik- og grunnskólum (15) og almenningi (9). Á síðustu árum hefur orðið fjölgun á barnaverndartilkynningum og þeim málum sem hafa verið til meðferðar hjá barnaverndaryfirvöldum, en á árinu 2008 dró aftur nokkuð úr fjölda tilkynninga. Þróunin í

Þingeyjarsýsla hefur verið á svipuðum nótum og á landsvísu þar til á árinu 2008. Á eftirfarandi mynd má sjá fjölda barnaverndartilkynninga á árunum 2001-2008 á starfssvæði Félagsþjónustu Norðurljósa.



Tilfni barnverndartilkynninga voru af ýmsum toga. Barnaverndartilkynningar voru flokkaðar í þrjá yfirflokka, vanrækslu af hálfu foreldra (19), ofbeldi gagnvart börnum (18) og áhættuþegðun barna (50). Myndin hér að neðan sýnir ástæður sem fram koma í þeim 87 tilkynningum sem bárust á árinu 2008.



Meðal verkefna á árinu var jafnframt áhersla á að tryggja nægjanlegt framboð og gæði stuðningsúrræða samkvæmt ákvæðum barnavarnarlaga, sem aðgang að hæfu starfsfólk til að sinna stuðningsúrræðum. Áhersla var lögð á skýrar starfslýsingar, faglegt aðhald, eftirlit og þétt samstarf við samstarfaðila.

Skólaþjónusta

Starfsemi skólaþjónustu markast af skyldum sveitarfélaga samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 (IX kafla), lögum um leikskóla nr. 90/2008, ákvörðunum Menningar- og fræðslunefndar og sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga.

Aðalverkefni skólaþjónustunnar er að veita starfsmönnum, stjórnendum, foreldrum/forsjáradílum nemenda og sveitarstjórnarmönnum ráðgjöf á sviði skólamála, sinna greiningum á nemendum sem eiga við námserfiðleika að etja og önnur viðfangsefni sem tengjast skólastarfi á starfssvæðinu.

Skólar á starfssvæðinu

Á starfssvæðinu fá aðildarsveitarfélög einstaklingsþjónustu í skólana frá sérfræðingum hjá Félagsþjónustu Norðurþings, en samtals eru 10 grunnskólar og 9 leikskólar á þjónustusvæðinu.

Nemendafjöldi í leik- og grunnskólum á svæðinu:

Grunnskólar	Fjöldi nemenda
Hafralækjarskóli	57
Litlulaugaskóli	32
Borgarhólsskóli	322
Grunnskóli Skútustaðahrepps	58
Öxarfjarðarskóli	37
Kópaskersskóli	19
Grunnskóli Raufarhafnar	34
Grunnskóli Þórshafnar	74
Svalbarðsskóli	9
Grunnskólinn Bakkafirði	14
Samtals	656

Leikskólar	Fjöldi nemenda
Barnaborg Aðaldal	18
Krflabær Laugum	11
Ylur Mývatnssveit	7
Grænuvellir	130
Krflakot Kópaskeri + Lundur	12
Krflabær Raufarhöfn	11
Barnaból Þórshöfn	32
Leikskólinn Bakkafirði	8
Samtals	229

Starf skólateymis (kennsluráðgjafa/sérkennsluráðgjafa/sálfræðinga) felur í sér fjölbreytt verkefni fyrir skólana, einstaklingsverkefni, almenna ráðgjöf og heildarverkefni:

Einstaklingsmál:

- Mál- og talerfiðleikar og ráðgjöf við kennara og foreldra vegna þeirra
- Lesgreiningar og ráðgjöf vegna lestrar
- Greining á stærðfræðiörðugleikum og ráðgjöf vegna stærðfræði
- Ráðgjöf vegna fatlaðra nemenda
- Undirbúningur vegna skólagöngu fatlaðra nemenda
- Ráðgjöf vegna hegðunarörðugleika einstakra nemenda
- Greindar- og þroskamát og ráðgjöf í framhaldi af því (framkvæmd af sálfræðingi)
- Greiningar og ráðgjöf vegna félagslegra- og tilfinningalegra örðugleika

Almenn ráðgjöf:

- Almenn og greinabundin kennsluráðgjöf og greining á námsstöðu
- Ráðgjöf vegna samskipta og bekkjarstjórnunar

Heildarverkefni:

- Fræðslufundir fyrir skóla og foreldrafélög
- Átaksverkefni, Maríta verkefnið (forvarnarverkefni í vímuefnaneyslu fyrir unglíngastig)
- Innra mat
- Sameiginlegir skólastjórafundir þrisvar á ári – grunnskólar og leikskólar
- Sameiginlegur starfsdagur allra skóla einu sinni á ári
- Skipulagning námskeiða fyrir grunn- og leikskóla
- Skimanir

Á árinu voru framkvæmdar eftirfarandi skimanir (skimunarpróf) í leik- og grunnskólum á svæðinu, ekki eru skil frá öllum skólunum:

Bekkur	Próf	Fjöldi nemenda/ fjöldi próftaka	Fjöldi vísað í frekari athugun
1	Tove Krogh teikniþr.	46/46	
1 og 2	Læsi	98	
3	Talnalykill	58	4
5	Lestur, stafsetning	69	
6	Talnalykill	71	18
8	Lestur, stafsetning	71	
9	GRP 14-h	79	
Leikskóli 6 ára	Hljóm-2 (málvitund)	Allir	
Grunn-/leikskóli	Talmeinafr.	52	

Auk þessara reglubundnu skimana á máli, lestri og stærðfræði í grunn- og leikskólum á svæðinu, voru framkvæmdar sérstakar athuganir samkvæmt tilvísunum frá skólunum og/eða foreldrum. Fjöldi mála gefur ekki raunhæfa mynd af starfi ráðgjafanna því málin eru eins misjöfn og einstaklingarnir/verkefnin eru mörg og geta tekið allt frá einu til tveimur viðtölum að mánaðarlegri vinnu allt skólaárið.

Átaksverkefni sem unnin hafa verið:

- Einstaklingsnámskrágerð
- Olweusverkefnið: Fimm skólar nýta verkefnið
- Stóra upplestrarkeppnin: Níu skólar tóku þátt í keppninni

Endurmenntunaráætlanir, eftirtalin námskeið hafa verið haldin skólaárið 2007-2008:

Grunnskóli:

- Einstaklingsmiðað nám - framhaldsnámskeið
- Nýting upplýsingatækni í grunnskólastarfi
- Tjáskipti – samskipti
- Stærðfræði í 5. – 10. bekk grunnskóla
- Uppeldi til ábyrgðar
- útikennsla

Leikskóli:

- Uppeldi til ábyrgðar

Greiningar og ráðgjafarviðtöl

Á árinu bárust 14 beiðnir um greindarmat, 19 beiðnir um þroskamat, 20 beiðnir um mat á athyglisbrest og ofvirkni, 2 beiðnir um aðlögunarhæfni og ein beiðni um einhverfumat. Sálfræðingar sinntu þessum beiðnum. Einnig bárust 13 beiðnir um mat iðjuþjálfá. Jafnframt bárust 61 þjónustubeiðnir um viðtöl hjá sálfræðingi (samþykkt voru að hámarki 5 viðtöl sem tengdust hverri þjónustubeiðni, nema um sérstakar undantekningar væri að ræða).

Fræðsla

Félagsþjónusta Norðurþings hefur fræðsluhlutverki að gegna innan leik- og grunnskóla og hér á eftir koma upplýsingar um þá fræðslu, yfirleitt stutt fræðsluerindi, sem voru í boði síðastliðið starfsár:

- Samstarf heimilis og skóla
- Einelti
- Samskipti við grunnskólabörn/leikskólabörn
- Samskipti við fatlaða
- Samskipti við börn með hegðunarvandkvæði/ofvirkni, athyglisbrest og misproska
- Skólanámskrágerð
- Innra mat / sjálfsmat
- Einstaklingsnámskrágerð
- Fræðsla fyrir foreldra
- Gagnvirkur lestur
- Fundarskóp - kennarafundir – nemendaverndarráðsfundir
- Samstarf leik og grunnskóla
- Sjálfsmat skóla
- Vímuvarnir

Á skólaárinu eru fastar ferðir í leik- og grunnskóla utan Húsavíkur einu sinni í mánuði. Á Húsavík er unnið eftir samkomulagi í leikskólum. Kennsluráðgjafar vinna a.m.k. tvo daga í mánuði í Borgarhólsskóla og sálfræðingar einn dag í viku.

Málefni fatlaðra

Starfsemi málefna fatlaðra hjá Félagsþjónustu Norðurþings, felst í rekstri málaflokksins á starfssvæðinu í samræmi við samning sveitarfélaganna við ríkið um málaflokkinn. Samningurinn byggir á lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra.

Á skrifstofu málefna fatlaðra starfa Sigríður F. Guðjónsdóttir deildarstjóri um málefni fatlaðra í 100% starfi, Þorgrímur Sigmundsson ráðgjafi fullorðinna fatlaðra í 50% starfi og Freydís Jóna Freysteinsdóttir félagsmálastjóri í 40% starfi við yfirstjórn. Auk þess sem aðrir sérfræðingar hjá Félagsþjónustu Norðurþings koma að málaflokknum með ýmsu móti. Einnig hafa forstöðumenn allra þjónustueininga aðstoðu fyrir faglega vinnu og skipulag á skrifstofunni. Auk þess starfa við málaflokkinn liðveitendur ásamt stuðningsfjölskyldum.

Verkefni ársins

Verkefni málaflokksins felast í:

- Þjónustu við fatlaða og fjölskyldur þeirra
- Rekstri starfseininga á svæðinu
- Útvegum úrræða fyrir fatlaða á starfssvæðinu
- Ferliþjónusta
- Búsetuúrræði
- Ýmis stuðningsúrræði
- Lengd viðvera fatlaðra skólabarna
- Dagþjónusta fyrir fullorðna fatlaða
- Undirbúning opunar skammtímavistunar á þjónustusvæðinu

Þjónusta

Þjónusta málaflokksins felst í:

- Aðstoð vegna umönnunarbóta
- Greiningar
- Viðtöl
- Útvegum og íhlutun úrræða s.s. liðveisla, stuðningsfjölskyldur, atvinnuleit, búseta, ferliþjónusta, skammtímavistun, sérfræðiráðgjöf
- Samskipt við stofnanir og sérfræðinga er að málum koma s.s. Greiningar og ráðgjafastöð ríkisins, Tryggingastofnun ríkisins, sálfræðingar, iðjuþjálfar, skólastjórnendur
- Skilafundum vegna barna með fötlun
- Föstum mánaðarlegum ferðum í leik- og grunnskóla á starfssvæðinu vegna einstaklingsmála og til ráðgjafa fyrir starfsmenn
- Undirbúningi skammtímavistunar fyrir börn
- Aðstoð við nemendur og starfsmenn skóla, vegna flutnings milli skólastiga

Stöðluð greiningartæki sem til eru:

- Íslenski þroskalistinn
- Smábarnalistinn
- AAL listinn

Auk þess ýmis óformleg matstæki til viðmiðunar og undirbúnings formlegrar greiningar.

Starfseiningar

Auk þjónustuskrifstofu að Ketilsbraut 7-9 Húsavík, rekur málaflokkurinn eftirfarandi starfseiningar:

- Pálsgarður heimili fyrir mikið fatlaða notendur
- Sólbrekka 28 þjálfunarheimili fyrir notendur sem stefna á sjálfstæða búsetu og þurfa þjálfun í færni daglegra athafna
- Miðjan, iðja/hæfing, Garðarsbraut 21
- Setrið, geðræktarmiðstöð Árgötu

Rekstur stofnana og þjónusta

Pálsgarður

Forstöðumaður er Sigurhanna Salómonsdóttir kennari og sérkennari.

Íbúar voru fimm og allir mikið fatlaðir á aldrinum 40-70 ára, fjórir karlar og ein kona. Þörf er á sólarhringsþjónustu og því er sinnt af tíu starfsmönnum í sjö og hálfu stöðugildi. Níu konum og einum karli. Mikill stöðugleiki hefur verið í starfsmannahópnum og starfsmenn hafa nýtt sér vel þá fræðslu og starfsþjálfun sem boðið var upp á. Framboð á afþreyingu utan heimilis hefur aukist með tilkomu Miðjunnar og allir íbúar fara í hæfingu.

Tónlistarkennari kemur einn dag í viku með söngstund og þá er fleirum úr bænum boðið með og hafðar veitingar á eftir. Íbúar fóru tvisvar í helgardvöl í sumarbústað með starfsmönnum en þeir eiga bíl sem notaður er til styttri og lengri ferða. Íbúar halda þorablót, grillveislu, sviðamessu og jólaglökk með starfsmönnum og svo sérstakan laufabrauðsdag en þá koma aðstandendur og aðstoða ásamt því að þiggja veitingar. Nágrönnum var boðið í kaffi á árinu (nágrannakaffi) og mættu þeir vel og voru mjög ánægðir með þetta framtak. Almennt má segja að íbúum hafi líðið vel og breytingar verið litlar á árinu.

Félagsmálaráðuneyti leggur til fé í launagreiðslur en íbúar sjá um kostnað við daglegan rekstur.

Einn einstaklingur með fötlun utan úr bæ kom í heimsókn á Pálsgarð tvisvar í viku og fór þá í heita pottinn með íbúum og sótti söngstund á fimmtudögum. Þennan aðila vantaði tilfinnanlega búsetuúrræði og var verið að vinna að því.

Sambýlið Sólbrekku 28

Forstöðumaður er Dögg Stefánsdóttir, BA í sálfræði.

Sambýlið að Sólbrekku 28 er nýtt sem þjálfunarheimili fyrir fötluð ungmenni sem vilja flytja að heiman og í sjálfstæða búsetu en þurfa stuðning og þjálfun í færni við daglegar athafnir og við félagsleg samskipti. Stöðugildi eru fimm, sem sinnt er af sex starfsmönnum. Íbúar að Sólbrekku 28 hafa verið fjórir til fimm á tveimur hæðum og allir stundað vinnu og/eða nám

við starfsbraut Framhaldsskólans á Húsavík. Stefnt var að búsetu í eitt til tvö ár með markvissum einstaklingsmarkmiðum og hæfingu miðað við hæfni í sjálfstæða búsetu. Einstaklingsbundinn samningur með markmiðum viðkomandi er unnin fyrir inntöku og er jafnframt skilyrði fyrir inntöku á þjálfunarheimilið.

Bryndís Símonardóttir þroskaþjálfari og fjölskylduráðgjafi hefur handleitt starfsfólk í þessari vinnu.

Miðjan. Hæfing/iðja

Forstöðumaður Miðjunnar er Anita Stefánsdóttir iðjuþjálfari.

Starfsmaður er Jóhanna S. Logadóttir sjúkraliði. Markmið Miðjunnar eru að efla alhliða þroska og sjálfstæði einstaklingsins, viðhalda og auka þá færni sem einstaklingurinn hefur náð. Jafnframt að veita vellíðan og öryggi og efla frumkvæði og koma til móts við sjálfsákvörðunarrétt. Notendur eru frá 13 ára aldri og um 20 talsins. Þeir skiptast í þrjá hópa: 1) fólk með væga þroskahömlun og/eða sértæka námsörðugleika, 2) fjölfatlaðir einstaklingar sem eru íbúar í Pálsgarði og 3) Fólk með þroskahömlun sem er í sjálfstæðri búsetu eða býr í foreldrahúsum. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðaða nálgun ásamt því að starfa eftir áhugasviði og færni hvers og eins.

Helstu verkefni eru skapandi starf, afþreying, matseld og ýmis önnur heimilisstörf ásamt hæfingu.

Einkunnarorð Miðjunnar eru; Virðing, vinátta og vellíðan.

Félagsleg liðveisla

Félagsleg liðveisla er ætluð til stuðnings við að taka þátt í samfélagsinu.

Hámarkstími eru 24 stundir á mánuði og eru laun greidd af viðkomandi sveitarfélagi. Þessa þjónustu nýta sér árið 2008, 32 aðilar búsettir á Húsavík, í Þingeyjarsveit, Mývatnssveit, Raufarhöfn og á Kópaskeri. Alls sinna 24 starfsmenn liðveislu í mismunandi mikilli tímavinnu.

Frekari liðveisla

Umsjón hefur Kristín Magnúsdóttir.

Frekari liðveisla er sett inn hjá notendum þegar meiri þjónustu þarf en 24 stundir á mánuði vegna sjálfstæðrar búsetu eða annarra þátta en félagsleg liðveisla nær yfir. Frekari liðveisla er greidd af ríkinu og er sett inn þegar sveitarfélagið hefur uppfyllt sínar skyldur vegna félagslegrar liðveislu. Þetta árið störfuðu þrír starfsmenn við frekari liðveislu í samtals 170% starfi við að sinna 8 aðilum með fötlun.

Stuðningsfjölskyldur

Stuðningsfjölskyldur eru ráðnar í ákveðinn fjölda sólarhringa á mánuði og ætlaðar til að gefa börnum með fötlun tilbreytingu og til hvíldar fyrir fjölskyldur fatlaðra barna.

Stuðningsfjölskyldur eru 12 fyrir 10 notendur. Notendur eru ýmist með 2, 3 eða 5 sólahringa í mánuði og fer það eftir fötlun hve mörgum sólahringum þeir eiga rétt á. Þar sem ekki er möguleiki á skammtíavistun á þjónustusvæðinu hafa fjölskyldur fengið auka sólahringa hjá stuðningsfjölskyldum þegar þörf hefur verið á því.

Skammtímavistun

Engin skammtímavistun er rekin af Félagsþjónustu Norðurlands en orðið brýnt að svo verði. Aðgangur er hins vegar að skammtímavistun á Akureyri og hafa tveir notendur nýtt þá þjónustu á árinu, einn fullorðinn aðili með 5 sólahringa á mánuði og eitt barn með 4 sólahringa á mánuði. Á árinu var gerð þjónustukönnun sem sýndi að 10 fjölskyldur mundu nýta sér skammtímavistun og því ljóst að þörf er fyrir skammtímavistun á þjónustusvæðinu en unnið var að því að undirbúa slíkt úrræði, en hentugt leiguhúsnaði fannst ekki. Ásókn í skammtímavistun á Akureyri er það mikil að ekki er hægt að sinna öllum sem á þurfa að halda. Því hefur þörf fyrir skammtímavistun verið leyst af Félagsþjónustu Norðurlands með fjölgun sólahringa hjá stuðningsfjölskyldum eftir því sem mögulegt hefur verið.

Atvinna með stuðningi

Í atvinnu með stuðningi voru 18 notendur þar af 5 á venjulegum kjörum en aðrir með örorkuvinnusamning frá Tryggingastofnun ríkisins. Samfélagið hefur verið mjög jákvætt varðandi atvinnuþátttöku fatlaðra og öryrkja.

Ferlimál

Fjallasýn ehf sér um rekstur ferliþjónustu fyrir Félagsþjónustu Norðurlands og er sú þjónusta með ágætum í sveitarfélaginu. Sú þjónusta er samnýtt af félagsþjónustu og Hvammi dvalarheimili aldraðra.

Geðræktarmiðstöðin Setrið

Forstöðumaður er Erla Alfreðsdóttir iðjupjálfi.

Setrið, geðræktarmiðstöð er batahvetjandi stuðningsúrræði fyrir einstaklinga innan Þingeyjarsýslu sem búa, eða hafa búið við geðraskanir, atvinnuleysi og/eða alvarleg veikindi með þeim afleiðingum að lífsgæði þeirra hafa skerst.

Markmið Setursins eru m.a. að efla sjálfstraust og ábyrgð til félagslegrar þátttöku, að auka færni til samskipta, að efla þátttöku í ýmiskonar iðju, að efla virkni og þátttöku í daglegu lífi, að efla trú á eigin áhrifamátt, að draga úr fordómum gegn geðröskunum, að draga úr neikvæðum áhrifum geðraskanana á einstaklinga, fjölskyldur og samfélagið í heild, að fækka innlögnum á geðdeildir og að efla geðheilbrigði.

Setrið er samstarfsverkefni Félagsþjónustu Norðurlands, Félags- og tryggingamálaráðuneytis og Húsavíkurdeildar Rauða kross Íslands. Í upphafi var um að ræða tilraunaverkefni frá 10. október 2006 til 31. desember 2007 en gerður hefur verið samningur við Félags- og tryggingamálaráðuneytið til 2010 um þátttöku í rekstri Seturs. Starfsmenn eru fjórir, forstöðumaður í 100% starfshlutfalli, stuðningsfulltrúi í 50% starfshlutfalli og tveir notendur í 15 % starfshlutfalli hvor á örorkuvinnusamningi.

Húsnaði Setursins hefur einnig verið nýtt fyrir starfsemi tengda Setrinu, s.s. einstaklingsviðtöl, fundi og hópstarf með börnum fólks með geðraskanir. Þar hefur einnig starfsmaður Starfsendurhæfingar Norðurlands aðstöðu einu sinni í viku fyrir viðtöl og hópstarf með sínum skjólstæðingum og áfengisráðgjafi frá SÁÁ er einn dag í mánuði með aðstöðu fyrir viðtöl.

Heildarfjöldi notenda á árinu voru 38 og meðalfjöldi þeirra sem nýttu Setrið í daglegu starfi á árinu voru 9 á dag. Alls voru 1884 gestakomur í Setrið að frátöldum þeim sem koma til annarrar ráðgjafar í Setrinu.

Samantekt

Meðal helstu verkefna varðandi rekstur málaflokksins á árinu 2008, var áframhaldandi innleiðing nýrrar stefnu Félags- og tryggingamálaráðuneytisins í málefnum fatlaðra. Áhersla var lögð á fagleg vinnubrögð, gæðastarf, valdeflingu notenda þjónustunnar, þjónustugæði og aukna þátttöku og möguleika fatlaðra í samfélaginu. Þjálfunarheimilið að Sólbrekku 5 var lagt niður og Miðjan, iðja/hæfing fyrir fatlaða hóf starfssemi á árinu. Áhersla hefur verið á að auka hlutfall fagmenntaðra aðila, starfsþjálfun almennra starfsmanna og þátttöku þeirra við mótnun stefnu og innleiðingu hennar. Þörf er á áframhaldandi áherslu og vinnu við uppbyggingu og eflingu á þjónustu við fatlaða, sérstaklega er varðar búsetuúrræði og skammtímvistun.

Samningur við Félagsmálaráðuneytið um rekstur málaflokksins rann út 2006 en var endurnýjaður til þriggja ára. Unnið er að undirbúningi þess að málefni fatlaðra verði flutt frá ríki til sveitarfélaga. Einnig er unnið að yfirfærslu atvinnumála fatlaðra til Vinnumálastofnunar.

Lokaorð

Hér að framan er gerð grein fyrir helstu verkefnum og málaflokkum sem Félagsþjónusta Norðurþings fékkst við í fjölbreyttri starfsemi sinni á árinu 2008.

Verkefni og þar með tækifæri eru mörg innan ramma laganna og stofnun sem þessari því nauðsyn að rækta mannauð sinn og vinna að markvissri þróun frá ári til árs. Þannig skapast möguleikar til að bæta þá þjónustu sem lög mæla fyrir um, þ.e. að veita einstaklingum og stofnunum þjónustu til meiri sjálfshjálpar, meiri iðju og betra lífs.

Innan raða Félagsþjónustu Norðurþings er hópur sérfræðinga sem vinna saman á jafningjagrundvelli við það að veita margvíslega velferðarþjónustu til íbúa sveitarfélaganna. Auk þess koma ýmsir aðrir að þjónustunni og eru því að jafnaði meira en 70 manns á launaskrá hjá stofnunni í heild.

Fyrir hönd Félagsþjónustu Norðurþings vil ég þakka sveitarstjórnarmönnum, íbúum svæðisins, starfsmönnum og þjónustuþegum fyrir samstarfið á árinu. Það er stofnuninni mikilvægt að finna þá jákvæðni og hvatningu sem hún fær frá þessum aðilum.

Húsavík, 7. maí, 2009.

Freydís Jóna Freysteindóttir (MSW, PhD)
félagsmálastjóri